

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021

Kennarar: Helga Brynleifsdóttir

10

Lýsing

Námsþættir í ensku eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Markmið:

Að nemendur:

- öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi.
- öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli.
- nái leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum.
- geti notað málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Námsefni:

- Spotlight 10, les- og vinnubók
- Lestrabækur
- Smásögur
- Verkefni frá kennara
- Myndbönd
- Ýmsir miðlar

Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horfa á myndbönd, hlusta á ýmsar frásagnir, lesa ýmsa texta og skáldsögur og skrifa ritgerðir. Einnig taka þau þátt í umræðum og afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.

Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi hvers verkefnis hvaða hæfniviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda á mentor.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Nemandi getur sýnt fram á að hann skilur og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Sýnt fram á skilning á almennum orðaforða og nýtt sér hann í myndun málsgreina.
- Lesið sér til fróðleiks texta úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Hefur tileinkað sér orðaforða til að geta lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga um margvísleg málefni.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum.
- Tekið þátt í samræðum um málefni sem hann þekkir og beitt eðlilegu og réttu máli.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Frásögn

- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni af nokkru öryggi.
- Er samræðuhæfur, beitir eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi.
- Notar orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Ritun

- Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.

- Sýnt fram á þekkingu á grunnreglum í málfræði.
- Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, sýnt fram á góðan orðaforða og þekkingu á megin reglum málnotkunar.
- Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Menningarläsi

- Sýnt fram á þekkingu á málsvæðum þar sem enska er töluð,
- Sýnt fram á að hann þekkir það sem einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.

SEL Enska 10. bekkur 2020-2021 - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og farið eftir fyrirmælum.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.